

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2020
Tilvísun: 202002033 / 2.5

Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna

Vísað er til kynningar forsætisráðuneytisins í samráðsgátt stjórnvalda á drögum að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna sem birt voru 13. febrúar sl.

Í 8. gr. frumvarpsdraganna eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 15. gr. jarðalaga á þann veg að þar verði vísað til samræmis við gildandi skipulagsáætlun í stað núverandi orðalags um uppdrátt staðfestan af skipulagsyfirvöldum.

Skipulagsstofnun styður þessa tillögu og telur hana til þess fallna að bæta stjórnarsýslu skipulagsmála og gera skipulagsgerð sveitarstjórna markvissari varðandi stýringu á þróun byggðar og landnýtingar.

Skipulagsstofnun telur tilefni til að breyta samhliða ákvæði 1. mgr. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til samræmis við framangreinda tillögu. Stofnunin leggur því til að við frumvarpið verði bætt breytingu á framangreindu ákvæði skipulagslaga þannig að við 1. mgr. 1. ml. 48. gr. bætist „og ný afmörkun landeigna sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlun“.



Ásdís Hlökk Theodórsdóttir